

Reykjavík, 2.5.2008

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu o.fl., 553. mál**

Orkuveita Reykjavíkur er fylgjandi því yfirlýsta markmiði frumvarpsins að einfalda stjórnsýslu á orkusviði. Í því samhengi má benda á ályktun aðalfundar Samorku í febrúar sl. Þar segir:


Allur atvinnurekstur þarf á skýru en jafnframt einföldu og skilvirku laga- og regluumhverfi að halda. Orku- og veitufyrirtæki eru þar engin undantekning. Mikil umræða hefur lengi staðið um ýmiss konar breytingar, jafnvel grundvallarbreytingar, á regluumhverfi þessara fyrirtækja. Árum saman hefur reglubyrði þeirra aukist jafnt og þétt og til eru dæmi þess að ein og sama framkvæmdin hafi verið oftár en tuttugu sinnum til umfjöllunar hjá sömu umsagnaraðilunum. Samorka leggur áherslu á mikilvægi þess að orku- og veitufyrirtæki búi við stöðugt, einfalt og skilvirkt regluumhverfi. Ekki er beðið um neina afslætti af þeim umhverfis- og öryggiskröfum sem fyrirtækin sæta, heldur um að skoðaðar verði leiðir til einföldunar þessa regluumhverfis og reynt að ná niðurstöðu til lengri tíma um æskilegt regluverk. Orku- og veitufyrirtækin lýsa sig að sjálfsögðu reiðubúin til samstarfs vegna hvers kyns breytinga á þessu sviði og raunar nauðsynlegt að aðkoma þeirra sé tryggð þegar fjallað er um breytingar á starfsumhverfi þeirra.

Orkuveita Reykjavíkur tekur heilshugar undir þessa ályktun og styður þær ráðstafanir stjórnvalda er miða að þessu marki. Það vekur athygli í umsögn fjármálaráðuneytis um frumvarpið að gert er ráð fyrir að aukinni starfsmannþörf verði af samþykkt þess.

Iðnaðarráðuneytið telur að bæta þurfi við einu stöðugildi hjá Orkustofnun vegna aukinna verkefna stofnunarinnar á sviði stjórnsýslu er tengist leyfisveitingunni. Ráðuneytið gerir ekki ráð fyrir að fjárheimild verði færð frá aðalskrifstofunni til Orkustofnunar í tengslum við þessa tilfærslu á verkefnum.

Von Orkuveitu Reykjavíkur er sú að með enn frekari einföldun stjórnsýslu á orkusviði megi e.t.v. draga úr mannaflapörf stjórnsýslunnar í stað þess að auka hana eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst,



Hjörleifur B. Kvaran,  
forstjóri